

# Getur nokkur kvartað yfir mér?

Tvær aldir frá byltingu Jörundar hundadagakonungs

Eftir Ingvar Örn Ingvarsson  
ingvarom@mbl.is

Jörundur hundadagakonungur var á undan sinni samtíð. Hann var lýðræðissinni á tíma þegar einvaldar réðu víðast hvar ríkjum, eins og Ragnar Arnalds hefur sagt, en hann skrifaði bók um Jörund sem nefnist *Eldhuginn*. Líklegt má telja að hin frjálsu samfélög í Ameríku hafi haft mikil áhrif á hann. Jörundur átti eftir að verða mikill áhrifavaldur á Íslandi og reyndar víðar ef því er að skipta.

Hinn 25. júní 1809 handtók Jörundur, ásamt enskum kaupmanni að nafni Samuel Phelps, Trampe greifa sem stýrt hafði Íslandi með harðri hendi. Daginn eftir var hengd upp yfirlýsing þar sem Ísland var lýst laust undan dönskum áhrifum. Það eru því senn 200 ár síðan þessi merki viðburður átti sér stað og því er ekki úr vegi að fara yfir ævi Jörundar og afrek hans.

## Óðall, en skarpur og sískrifandi

Jörundur fæddist 1780 í Kaupmannahöfn og uppalinn í Danmörku en eitthvað sóttist honum námið illa og því varð úr að faðir hans sendi hann í vist á enskum kaupskipum þegar hann var aðeins 15 ára. Þetta hafði mikil áhrif á Jörund sem síðar meir elskaði allt enskt en gramdist hin dönsku tengsl sín. Eyddi Jörundur reyndar drjúgum hluta ævi sinnar í Bretlandi þó ekki væri alltaf um uppbyggilega dvöl að ræða.

Jörundur ferðaðist starfa sinna vegna mikió um heiminn og er talið að hann hafi jafnvel siglt tvisvar hringinn í kringum hnöttinn. Hann var til að mynda fyrsti stýrimaður á skipinu Lady Nelson og uppgötvaði þannig ásamt félagum sínum sund eitt á milli Ástralíu og Tasmaníu. Lady Nelson var meðal annars notað til að ferja fanga frá Bretlandi til Ástralíu en Jörundur var auðvitað grunlaus um að hann ætti sjálfur eftir að enda sem fangi í Tasmaníu aldarfjórðungi síðar. Jörundur var vegna þessa einnig víðstaddur þegar fyrstu landnemabyggðir Tasmaníu voru stofnaðar og sjá hans víða merki enn í dag á þeim slóðum.


Til Danmerkur hafði Jörundur almennt lítið að sækja en þó var hann í Kaupmannahöfn árið 1807 í heimsókn hjá fjölskyldu sinni þegar Bretar, undir forystu Nelsons lávarðar, gerðu sprengjuárás á Kaupmannahöfn. Árásin sýnir markaði endalok nánast alls hins danska flota en þrátt fyrir það voru nægilega mörg fley á lausu til þess að Jörundur fengi stjórn eins þeirra til að sækja liðsáuka til Frakklands. Það fyrirkomulag virðist hafa verið Jörundi þvert um geð enda var hann stuðningsmaður Englendinga en hann gat hinsvegar ekki skorast undan herkvaðningunni. Úr varð að hann hring-sólaði í kringum Bretland til að fiska málamyndabardaga. Það var svo árið 1808 að Jörundur var tekinn til fanga af Bretum eftir viðburðalíta sjóorrustu milli skips Jörundar, Admiral Juul, og skips Breta.

Alla sína tíð skrifaði Jörundur dagbækur, bréf og blaðgreinar og liggur því talsvert af efni eftir hann.

## Fangi og kóngur

Eftir dóm í Bretlandi var Jörundi sleppt gegn heiðursmannasamkomulagi. Á þessum tímamarki var Dönum orðið ljóst hvernig í pottinn var búið og átti Jörundur því ekki afturkæmt til Danmerkur því þar var hann eftirlýstur. Honum datt hinsvegar það snjallræði í hug að stuðla að viðskiptum milli Breta og Íslendinga. Hann vissi sem var að Íslendingar líðu skort vegna einkunar Dana og að Breta vantaði tölgu til að nota í sápuframleiðslu.

Snemma árs 1809 fór Jörundur því með skipinu Clarence til Íslands í þeim tilgangi að skipta á nauðsynjavörum og tölgu. Danir tóku ekki sérlega vel á móti skipinu og lögðust allfarið gegn verslun enda einkunarverslun á landinu og auk þess áttu



1809 Fáni Jörundar hundadagakonungs var fyrst dreginn að hún, að því er talið er, þann 12. júlí klukkan 12 árið 1809 að Hafnarstræti 4 en þar er kráin Dubliner í dag.

Danir í ófriði við Breta eftir blóðuga árás þeirra á Kaupmannahöfn.

Það dró hinsvegar til tíunda þegar Jörundur gerði aðra tilraun til að greiða fyrir viðskiptum Breta á Íslandi. Það var 3. júní sem lagt var af stað í seinni viðskiptaferðina og náði skipið, Margaret & Anne, höfn í Reykjavík hinn 21. júní og enn vildi Trampe

greifi ekki leyfa nein viðskipti. Nú þar hinsvegar svo við að hann hótaði hverjum þeim sem skipti við Bretana dauðarefsingu. Jörundur gerði sér hinsvegar lítið fyrir og með hjálp breska kaupþýslumannsins og sápuframleiðandans Samuels Phelps og aðstoðarmanns hans Savignac tókst honum að yfirbuga Trampe greifa og handsama hann

hinn 25. júní. Trampe greifi var yfirvald Dana á Íslandi og var því ljóst að um byltingu væri að ræða. Trampe var fluttur um borð í skipið sem Jörundur og Phelps höfðu komið með, Margaret & Anne, og vistaður þar.

Hinn 26. júní voru hengdar upp yfirlýsingar undirritaðar af Jörundi sem þar lýsti því yfir að allur danskur myndugleiki væri upphafinn á Íslandi.

## Hundadagar og þorsklök á bláum grunni

Líklega hefði Jörundur sem best getað lýst því yfir að Bretar hefðu tekið við stjórninni en það gerði hann hinsvegar ekki. Hann virtist hafa nokkra samíð með aðstæðum Íslendinga sem voru að sögn kunningsja Jörundar fremur slæmar. Reyndar segja heimildir að Íslandsvinurinn, og vinur Jörundar, sir Joseph Banks, hafi látið þess getið að Íslendingar væru bæði illa lýktandi og grálúsugir.

Ekki gat landið verið stjórnlaustr eftir byltinguna og því varð úr að Jörundur lýsti sjálfan sig verndara Íslands, til bráðabirgða á meðan landsstjórn yrði ákvörðuð. Yfirlýsingin var auglýst og undirrituð: „Reykjavík þann 11. júlí 1809. Útgefið undir Vorri Hendi og Signeti, Jörgen Jörgensen, Alls Íslands Verndari og Hæstráðandi til Sjós og Lands.“

Það má vera ljóst að hraðar hendur hefur þurft að hafa til að tryggja varnir landsins áður en Danir mættu við á endurheimta það sem þeir töldu sitt.

Phelps og felagar hans bruguð því á það ráð að byggja virki til að verjast óvina-skipum og blakti fáni Jörundur, þrír flattír þorskar á bláum grunni, þar við hún.

Líklega hefur Jörundur ekki búið við því að það yrðu Bretar sem yrðu honum til trafala en áform hans fyrir Ísland urðu að engu þegar breska herskipið Talbot kom til landsins í ágúst. Skipstjóri Talbot bodaði Jörund og Phelps á fund með sér og sama kvöld náði Trampe greifi að flýja yfir í herskipið Talbot.


Þegar svo var komið sögu mátti vera ljóst að stjórnartíð Jörundar var lokið en 22. ágúst skrifuðu Jörundur, Phelps, Magnús Stephensen, Stefán Stephensen og Pagn Jones skipherra Talbot undir samkomulag sem ógilti allar auglýsingar og ákvarðanir Jörundar. Byltingin reyndist misheppnuð.

## Fíkn og framandi heimur

Jörundur var ásamt dönskum stríðsföngum frá Íslandi fluttur til Bretlands en hann náði þó að vinna hetjudáð í millitíðinni þegar hann bjargaði skipverjum af Orion, fyrrum skips Trampes greifa, eftir að fangarnir um borð höfðu kveikt í skipinu. Jörundur gat þó hinsvegar ekki flúið örlögin og var hann því dæmdur í fangelsi í London, fyrir að hafa rofið heiðursmannasamkomulagið um að flýja ekki, en ekki fyrir byltinguna á Íslandi. Jörundur slapp hinsvegar við framsal til Danmerkur en þar hefði hann verið tekinn af lífi sem landráðamaður. Hann sat í fangelsi í London og í fangaskipi um skeið. Næstu árum eyddi Jörundur annars í sukk og fjárhættuspil og tapaði hann ætíð öllu sem hann átti úns hann varð stórskuldugur. Á þessum tíma vann Jörundur fyrir sér meðal annars sem njónari fyrir Breta á meginlandinu, einmitt þegar Napóleonsstríðin náðu sínu hámarki og er jafnvel talið að hann hafi orðið vitni að orrustunni um Waterloo úr fjarsta. Hann sólu- undaði jafnan sínu fé og lenti því í skuldafangelsi.

Í árslok 1825 var Jörundur fluttur um borð í skip, förlinni var heitið til Tasmaníu og lagði skipið svo loks að bryggju í Hobart en þar var Jörundur á kunnugum slóðum enda hafði hann kannað umhverfið vel 25 árum áður.

Hinum megin á hnettinum má segja að nýtt lífskeið hafi hafist hjá Jörundi hundadagakonungi, en hann starfaði þar til að mynda sem lögreglumáður og vann hann meðal annars að uppbyggingu landnemabyggðar. Hvað Ísland varðar á Jörundur að hafa skrifað eftirfarandi í dagbók sína: „Er til nokkur maður á Íslandi, sem getur með réttu lagi kvartað yfir mér?“



**Þekkt** Ross brú er þriðja elsta brú Ástralíu og var hún byggð af tveimur steinsmíðum sem heiðruðu Jörund með höggmynd á niðjuboga brúarinnar. Brúin var vígð 1836 en Jörundur lést 1841.

# Þekktur í Ástralíu

Í Ástralíu er Jörundur hundadagakonungur þekktur undir nafninu Jorgen Jorgenson og er hann sögufræg persóna í Tasmaníu.

Kim Peart sem er uppalinn á eyjunni Tasmaníu heyrði fyrst af Jörundi þegar hann stofnaði Víkinga-félag árið 1974. Þá var honum bent á bók um Jörund *The Viking of Van Diemen's Land*. Kim hefur alla tíð síðan verið mikill áhugamaður um Jörund og hefur hann bæði skrifað um hann greinar sem haldið tyllidaga honum til heiðurs í Tasmaníu þar sem Jörundur endaði ævi sína 1841. Um þessar mundir er Kim einnig að reyna að koma af stað gerð heimildarmyndar um ævi Jörundar.



Ljósmynd/Astra Peart

**Fróður Kim Peart hefur mikinn áhuga á Jörundi hundadagakonungi, eða Jorgen Jorgenson, enda vann Jörundur sér ýmislegt til frægðar í Tasmaníu. Jörundur var fluttur þangað sem fangi, gifti sig og lifði þar til dauðadags. Kim vill gjarnan að gerð verði heimildarmynd um Jörund.**



Ljósmynd/Kim Peart

**Konungur Höggmyndin á Ross brúnni er af Jörundi, með kórónu á höfðinu, og eiginkonu hans Noru Cobbett. Jörundur var kallaður konungur Ross brúar, en ekki er víst að honum hafi staðið á sama um þá nafngift. Hann áleit sjálfan sig t.d. verndara Íslands, fremur en konung.**

## Fyrirverandi konungur Íslands

Kim segir Jörund almennt vera vel þekktan í Ástralíu þar sem hann var á meðal þeirra sem fyrst námu land í Tasmaníu. 1801 var Jörundur á meðal skipverja í Harbinger þegar Port Jackson í Ástralíu var í uppbyggingu og er talið að hann hafi verið á meðal fyrstu manna til að nema land við Derwent-á, um 1804, þar sem nú er borgin Hobart á Tasmaníu. 1805 hélt Jörundur frá Ástralíu og eru afrek hans og misgjörðir í Evrópu að mestu kunnar. Kim segir því frá þegar Jörundur snýr aftur til Tasmaníu.

„Árið 1826 snéri Jörundur aftur til Ástralíu sem fangi. Jörundur var mikill landkönnuður í Tasmaníu, sem þá var kölluð Van-Diemens land, á þeim tíma þegar landið var nánast alveg óbyggt. Jörundur vann að því að finna leið til norð-vesturs til Ástralíu frá landnemabyggðinni fyrir Van-Diemens fyrirtækið en það tókst hinsvegar ekki þar sem of erftit var yfirferðar,“ segir Kim.

Jörundur starfaði einnig sem lögregluþjónn á þeim tíma sem landnemar áttu í útistöðum við frumbyggja. Hann átti að sjá um að halda friðinn og virðist hafa gert það vel. „Jörundur starfaði einnig sem blaðamaður og rithöfundur og skrifaði hann nokkrar bækur hér í Ástralíu, meðal annars evisisögu sína og bók um frumbyggja Ástralíu.“

Í Ross-sýslu þurfti lögreglumáðurinn Jörundur að rannsaka dul-arfullan þjófnað. „Það eru margir sem þekkja Jörund sem konung Ross brúar í mið-Tasmaníu. Jörundur starfaði þar 1833 við að rannsaka þjófnað á byggingarefni. Vandinn var sá að það gekk hægt með brúarsmíðina en hús ruku upp allt í kring á metttíma. Jörundur var því fenginn til að athuga málið. Við brúna unnu tveir fangar, James Colbeck og Daniel Herbert og áttu þeir að fá frelsi að launum fyrir brúarsmíðina. Þeir Colbeck og Herbert heiðruðu Jörund, þar sem hann var almennt þekktur undir nafninu fyrr-

verandi kóngur Íslands, með því að höggva út tveir myndir á brúna. Brúin er byggð upp af þremur bogum og mjög falleg. Hún er byggð 1836 og er þriðja elsta brú Ástralíu og þekkt auðkenni.“

## Þjóðsagnakenndur veruleiki

Jörundur var enn á lífi þegar brúin var vígð og hlýtur heiðurinn að hafa verið talsverður fyrir Jörund sem var þannig gerður að konungi Ross-brúar. Höggmyndin á brúar-boganum er af Jörundi, með kórónu á höfðinu, og eiginkonu hans, hinni írsku Noru Cobbett, sem einnig var fangi. Nora var ólæs og mjög ólík Jörundi í fasi en eitthvað hafa þau séð hvort við annað því þau voru gift í tíu ár þangað til Nora lést 1840, ári á undan Jörundi. Eitthvað fer mismunandi sögum af því hvort hjónabandið var hamingjusamt eða ekki en enn í dag þrýða þau hjónin brúna þó nefið hafi reyndar dottið af Jörundi í ána árið 1967.

Það eru víðar merki um Jörund í Tasmaníu að sögn Kims. „Jörundur er talinn hafa nefnt nokkra staði í Tasmaníu 1804 þegar hann var þar. Það eru þó ekki til neinar sannanir fyrir því. Bæir eins og Bagdad, Jerkó og Jerúsalem finnast hér. Það er sagt að hann hafi verið á þvellingi með manni að nafni Hugh Germain á veiðum fyrir landnema-byggðirnar og þeir voru bara með tvær bækur, Biblíuna og 1001 nótt, og völdu staðarheiti úr bókunum fyrir hina ýmsu staði í suður Tasmaníu,“ segir Kim.

„Það er líka sagt að Jörundur hafi fangað fyrsta hvalinn í ánni Derwent en um ármynnið fóru hvalir á leið sinni á eldisstöðvar. Jörundur átti þannig þátt í því að koma hval-

veiði í gang í Tasmaníu og Hobart varð höfuðvigi hvalveiðanna. Derwent var mikilvæg höfn sem hentaði afar vel til hvalveiða. Jörundur átti að vera í Nýja Sjálandi á hvalveiðiskipinu Alexander en hann slóst hinsvegar ekki í för með Alexander fyrr en það var komið til Derwent.“

Hvalveiði var afar mikilvæg á þessum tíma og hófust veiðar af fullum krafti 1804. Heimildir frá þeim tíma segja að svo mikið hafi verið af hvali í Derwent að hægt hafi verið að stíkla á bökuum hvalanna yfir gríðar-mikla ána. Það var þó fljótt að breytast.

Kim segir að fótúafjöldi Tasmaníu, sem er eyja álika að stærð og Ísland, sé einungis um hálf milljón manns í dag en hafi verið um 10 þúsund á tímum Jörundar. Hvalveiðar áttu stóran þátt í uppbyggingu eyjunnar.

## Minnst víða um Tasmaníu

Kim segir að ekki standi til að fagna sérstaklega tvö hundruð ára afmæli byltingarinnar á Íslandi. Það hafa þó verið skrifaðar greinar í blöð í Tasmaníu um þátt Jörundar í bylt-ingunni.

Það er nokkuð um hógvær minnismerki um Jörund hér og þar um Tasmaníu, meðal annars er minnis-skjöldur um hann á lögreglustöðinni í Oatland en þar starfaði Jörundur sem lögregluþjónn. Einnig er minnismerki á veitingastaðnum þar sem hann hitti eiginkonu sína Noru Cobbett í fyrsta skiptið.

Jörundur var jarðaður í Hobart að sögn Kims en grófin er týnd þar sem kirkjugarðurinn hefur verið endurnýttur. Einnig er talið að Jörundur hafi skilið eftir sig afkomendur í Ástralíu.

sumarferdir.is

# ☆ Spánn

- Síðustu sætin á frábæru verði!

Gran Hotel Bali ☆☆☆


Vikuferð 25. júní með hálfu fæði frá 56.570 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

Gala Placidia Hotel ☆☆☆

Vikuferð 25. júní með fullu fæði frá 56.570 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn



SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar